

## Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um mótuneyti sveitarfélaga.

Frá Andrésemi Inga Jónssyni.

1. Hversu mörg mótuneyti eru starfrækt á vegum sveitarfélaga og stofnana þeirra og hver er áætlaður fjöldi máltíða sem þessi mótuneyti afgreiða á ársgrundvelli? Óskað er sundurgreiningar eftir því hvort aðilarnir reka eigið eldhús eða kaupa þjónustu að.
2. Hvert er áætlað kolefnisspor af mótuneytum sveitarfélaganna og hversu stór hluti þess er vegna
  - a. framleiðslu matvæla, og þar af hversu mikið vegna framleiðslu á kjöti og öðrum dýraafurðum,
  - b. flutninga á matvælum, og
  - c. matarsóunar?
3. Hvernig er unnið að því að draga úr kolefnisspori af mótuneytum sveitarfélaganna og hvernig eru slíkar aðgerðir tengdar vinnu við aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum?
4. Hvernig hefur hlutfall matvæla sem uppfylla vistvæn skilyrði þróast undanfarin ár hjá mótuneytunum?
5. Að hve miklu leyti hefur innkaupastefna matvæla fyrir ríkisaðila verið nýtt af sveitarfélögum, m.a. hvað varðar aðgerðir til að auka áherslu á fæði úr jurtaríkinu og draga úr neyslu á kjöti í samræmi við ráðleggingar embættis landlæknis?
6. Hvaða stefnu er fylgt með tilliti til framboðs á grænkerafæði? Kemur til álita að öll mótuneyti yfir ákveðinni stærð bjóði daglega upp á grænkeravalkost eða að ákveðinn hluta daga verði eingöngu grænkerafæði í boði?

**Skriflegt svar óskast.**

---